

Nefndasvið Alþingis
velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 6. febrúar 2013
1302009 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á barnalögum (stefnandi faðernismáls), þskj. 370, 323. mál.


Með tölvubréfi 31. janúar 2013 óskaði velferðarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (stefnandi faðernismáls), mál nr. 323 á þskj. 370.

Jafnréttisstofa tekur undir þau rök sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að fella eigi niður þá takmörkun á málshöfðunarheimild karla sem er í greininni. Þar kemur fram að maður sem telur sig föður barns geti ekki höfðað faðernismál, hafi barnið verið feðrað.

Af frumvarpinu er ekki ljóst hvort frumvarpshöfundar vilja einnig fella niður síðasta liðinn í setningunni en þar segir „...[eða foreldri ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr.]” Jafnréttisstofa fjallar ekki um önnur atriði að svo stöddu en þau sem gerð eru að umfjöllunarefni í frumvarpinu, þ.e. að fella niður takmörkun á málshöfðunarheimild karla.

Það að fella niður þessa takmörkun á málshöfðunarrétti karlmanns sem telur sig föður barns mun leiða til þess að staða kynjanna verði jafnari þegar á heildina er litið. Það verður ekki séð að það að takmarka málshöfðunarrétt karla með þeim hætti sem gert er í nágildandi lagaákvæði sé í samræmi við þá grundvallarreglu að fólk, konur og karlar, skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Það eru ekki síst hagsmunir barna að faðerni sé leitt í ljós, en einnig samfélagsins alls að fólk sé rétt feðrað.

Jafnréttisstofa styður það að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur